

Fagráð í hrossarækt

77. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, föstudagurinn 9. desember 2016 kl. 11:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Vignir Siggeirsson, Sveinn Ragnarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Elvar Einarsson og Þorvaldur Kristjánsson. Hulda Gústafsdóttir hafði tilkynnt fjarveru og Bjarni Páll Vilhjálmsson hefur sagt sig frá störfum við fagráð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Umræða um ráðstefnur haustsins.
3. Sýningaráætlun 2017
4. Afgreiðsla tillagna frá aðalfundi Félags hrossabænda
5. Afgreiðsla umsókna í Stofnverndarsjóð íslenska hestsins.

1. Formaður setur fundinn og býður fundarmenn velkomna.

2. Í upphafi fundar átti sér stað umræða um ráðstefnuna *Íslensk hrossarækt í 100 ár* sem haldin var 3. desember en að ráðstefnunni stóðu Félag hrossabænda, Hólaskóli, Matvælastofnun, Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins og Sögusetur íslenska hestsins. Markmið ráðstefnunnar var annars vegar að fara yfir sögu og þróun íslenskrar hrossaræktar, stöðu þekkingar á hestinum og hins vegar þróun ræktunarmarkmiðs fyrir íslenska hestsins og dómstarfa á kynbótasýningum. Undir seinni lið ráðstefnunnar var fundarfólk virkjað til þátttöku í gegnum hópavinnu sem þótti takast vel en vel var mætt á ráðstefnuna. Góður rómur var gerður að ráðstefnunni, mikill samhljómur var með margt. Mátti greina á fundinum ánægju með ræktunarmarkmiðið í aðalatriðum en þó var jákvæðni gagnvart breytingum. Fundarfólk vildi halda áfram með eitt ræktunarmarkmið fyrir stofninn en gera betur grein fyrir mismunandi hlutverkum hestsins. Einnig var vel tekið í hugmynd um tvískipta aðaleinkunn fyrir hvern hest, þ.e. að bæta við í útreikningi aðaleinkunnar annarri aðaleinkunn þar sem vægi skeiðs er dreift hlutfallslega yfir á aðra eiginleika hæfileikanna – nokkurs konar fjörgangsaðaleinkunn. Einnig var rætt um að dómskalinn sé tengdur meira við þjálfunarskalann, þ.e. mismunandi kröfur eftir aldri hestsins og eftirspurn markaðarins.

3. Stutt umræða átti sér stað um áætlun fyrir kynbótasýningar ársins 2017. Rætt var um að halda kynbótasýningu í Víðidal í Reykjavík í vor en sýning var ekki haldin þar síðasta vor. Allar forsendur eru fyrir því að sýningargjald fyrir kynbótahross geti haldist óbreytt á næsta ári en það hefur verið hækkað undanfarin tvö vor.

4. Farið var yfir tillögur frá aðalfundi félags hrossabænda til fagráðs en aðalfundurinn var haldin í Harðarbóli, félagsheimili hestamannafélagsins Harðar þann 4. nóvember. Tillögurnar eru sem hér segir:

Tillaga 1:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til Fagráðs í hrossarækt að skoða verði hvort að hæfileikadómur kynbótahrossa fari fram að hluta til á hringvelli

en skeið yrði sýnt á beinni braut til hliðar við hringvöllinn eða í framhaldi af langhlið hringvallar ef þurfa þykir. Það sé enda til þess bært að bæta mat á kynbótahrossum.

Greinargerð: Hrossin eru alltaf í dómtækri fjarlægð og auðveldara að fylgjast með þeim allan tímann sem þau eru í dómi. Dómurinn tekur styttri tíma miðað við sama fjölda ferða og á beinni braut. Álagið er minna því skemur er riðið. Krafan í dag er að hross geti beygt auðveldlega á þröngu svæði og með hringvallardæming sést það betur en á beinni braut. Dæming á hringvelli er áhorfendavænna því það er meira um að vera á styttra svæði og því markaðsvænna.

Tillaga 2:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagraðs að endurskoða vægi á gangtegundum og það sé í samræmi við ræktunarmarkmiðið sem er jafnvíгур alhliða hestur.

Greinargerð: Opinbert ræktunarmarkmið íslenska hestsins er að rækta gæðing með öllum gangtegundum. Því eru hæpin rök að hafa misjafnt vægi á gangtegundunum. Auk þess eru flestar keppnisgreinar í hestamennskunni með sama eða svipað vægi og styrkir enn frekar jafnt vægi í hæfileikadómi kynbótahrossa.

Tillaga 3:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 samþykkir að minnka mikið áhrif vilja og geðslags á hæfileikadóm kynbótahrossa.

Greinargerð: Oft er það að hross í háum tölum fyrir vilja og geðslag eru ekki á færi nema fárra manna að tjónka við sökum spennu og óþálmi og jafnvel ofríkis. Þessi hross eru ýmist hrædd eða reið eða mjög óörugg með sig en eru talin viljug á beinni braut í hæfileikadómi. Trúverðuleiki dóms fyrir vilja og geðslags er mjög dregin í efa.

Tillaga 4:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagraðs að leita allra leiða til að bæta mat á vilja og geðslagi við hæfileikadóm kynbótahrossa.

Tillaga 5:

Þessi tillaga var lögð fyrir á síðasta fundi og var samþykkt þar. Hún er hjá fagraði og er til hliðsjónar við endurskoðun dómskalans enda er samhljómur á milli hennar og markmiðum með þeirri vinnu. Tillagan hljóðaði svo: Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 samþykkir að láta búa til endanlegt markmið varðandi hæfileika hrossa, sem lýsir því hvernig fulltamin gæðingur lítur út þegar honum er riðið á öllum gangtegundum.

Greinargerð: Eitt af því mikilvægasta í allri vegferð er að hafa skýra framtíðarsýn annar er hætta á að vegferðin verði hringsól eða okkur beri af leið.

Tillaga 6:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagráðs að við endurskoðun dómskalans hafi líkamsbeiting hrossa forgang ásamt hreinleika og mýkt gangtegundanna umfram hraða og fótaborð í hæfileikadómi kynbótahrossa.

Greinargerð: Rétt líkamsbeiting er grundvöllur fyrir vellíðan, mýkt, léttleika og endingu einstaklings og gildir einu hvort um er að ræða mann eða hest. Rétt líkamsbeiting á hverri gangtegund frá byrjun er forsenda fyrir því að hesti fari fram við áframhaldandi þjálfun.

Tillaga 7:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagráðs að auka vægi hægs tölt og hægs stökks í einkunnagjöf fyrir tölt og stökk.

Greinargerð: Hægt stökk hefur mun meiri þýðingu í þjálfun hrossa en hratt. Hratt stökk er einnig sáralítið notað í almennri notkun hestsins. Þjálfun á hægri gangtegund bætir jafnvægi hests meir en hratt. Mikil munur á milli hrossa hversu vel þau valda hægu ferðinni og vert er að greina sem fyrst á ferlinum hvaða hross búa yfir þessum eiginleika.

Tillaga 8:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagráðs að skipuð verði þverfagleg nefnd til að yfirfara kynbótakerfið í heild sinni með ábyrgðarmanni hrossaræktar (Dr Þorvaldi Kristjánssyni) og gera tillögur um breytingar.

Greinargerð: Öll kerfi þarf að endurskoða með reglulegu millibili til að kanna hvort kerfið þjóni á besta máta þeim tilgangi sem stefnt var að í byrjun með tilurð þess. Hrossræktarkerfið okkar er engin undantekning þar á.

Tillaga 9:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbóli 4. nóv. 2016 beinir því til fagráðs að til að fá hærrí einkunn en 8 fyrir skeið í kynbótadómi þarf hestur að vera tekinn niður af stökki á skeið annars vegar og hins vegar að í lok skeiðsprettis þurfi hestur að vera hægður niður á tölt, brokk eða fet

Greinargerð: Það eru verðmæti í því að skeið hafi upphaf og endi. Að taka niður fremur en að renna í skeið er metið hærra í flestum keppnisgreinum íslenskrar hestamennsku heldur en renningur. Það er einning metið hærra í flestum keppnisgreinum íslenskrar hestamennsku ef hægt er niður í brokk eða tölt í lok spretts fremur en að enda á stökki.

Tillaga 10:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbolli 4. nóv. 2016 beinir því til fagráðs að skoðaðar verði leiðir með að öll kynbótahross komi fram á aðalvelli við verðlaunaafhendingu.

Greinargerð: Mörgum ræktendum sem áttu kynbótahross á síðasta Landsmóti og voru ekki í verðlaunasæti þótti sinn hlutur vera rýr. Hvatinn til að mæta með hross neðar en 10 sæti sé enginn vegna skorts á almennilegri kynningu.

samþykkt samhljóða

Tillaga 11:

Aðalfundur FHB haldinn í Harðarbolli 4.nóv 2016 samþykkir að beina því til Fagráðs í hrossarækt að finna leiðir til að rannsaka og bæta aðgengi að upplýsingum um frjósemi.

Allar tillögurnar voru frá Hrossaræktarsamtökum Suðurlands og fagnar fagráð undirbúningi samtakanna en gróskumikið starf grasrótarinnar er ein af undirstöðum gagnlegrar umræðu í hrossarækt. Tillögur 1-9 eru í anda þess starfs sem kynnt hefur verið í kringum dómsskalann og þróun ræktunarmarkmiðsins. Þær verða teknar til umfjöllunar í því starfi og styrkja það starf. Tillaga 10 verður tekin til greina við skipulagningu dagskrár næsta landsmóts hestamanna en engu hægt að lofa í þeim efnum. Fagráð er sammála tillögu 11 en töluverð umræða átti sér stað í fagráði í tengslum við frjósemi stofnsins. Frekari rannsókna er þörf á þessu sviði. Vonandi munu nýjustu breytingar í skýrsluhaldi hrossaræktarinnar færa okkur betri upplýsingar um stöðu frjóseminnar í stofninum. Einnig var rætt um fyrirhugaðar breytingar í sæðingarreglugerðinni þar sem spattaðir stóðhestar og hestar með eistnagalla eru bannaðir. Þetta mun verða stefnumarkandi til framtíðar. Einnig er mikilvægt að halda á lofti gátlista til handa stóðhestahöldurum sem Félag hrossabænda tók saman á sínum tíma en afar misjafnt er hvernig staðið er að stóðhestahaldi með tilliti til fjölda hryssna hjá hverjum hesti og lengd gangmála.

5 Afgreiðsla umsókna úr Stofnverndarsjóði.

Til úthlutunar úr Stofnverndarsjóði að þessu sinni reyndust vera 11.976.000,- krónur. Sveinn Ragnarsson vék af fundi er umsóknir frá Hólaskóla voru til umfjöllunar og Guðný Helga og Þorvaldur fjölluðu ekki um umsóknir sem höfðu borist frá Bændasamtökum Íslands. Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:

- a) Hreyfingafræði íslenska hestsins: Ræktun, þjálfun, velferð. – Hólaskóli, Háskólinn á Hólum - Víkingur Gunnarsson. Sótt er um 4.000.000,- kr.
Samþykkt: 4.000.000,- kr.

- b) Fjölgun erfðamarka í Worldfeng fyrir stóðhesta. Matís ohf. og Bændasamtök Íslands. Sótt er um 2.367.000,- kr.
Samþykkt: 2.000.000,- kr.
 - c) Effect of body condition on metabolism, performance and recovery in Icelandic horses. Sótt um 600.000,- kr.
Samþykkt: 300.000,- kr.
 - d) Þýðing og prentun á Knapamerkjabókum.Hólaskóli, Háskólinn á Hólum – Hlín M. Jóhannesdóttir. Sótt er um 4.200.000,- kr.
Samþykkt: 4.200.000,- kr.
 - e) Gagnabanki og upplýsingaveita um íslenska hrossaliti. Kristín Halldórsdóttir og Bændasamtök Íslands. Sótt er um 1.600.000,- kr.
Samþykkt: 1.400.000,- kr.
- 6 Endurskoðun á dómskalanum. Rætt var um vinnu sem er framundan við endurskoðun á dómskalanum og þróun ræktunarmarkmiðsins. Skipaður verði vinnuhópur sem fyrst á næsta ári sem skipaður verði kynbótadómurum, ræktendum og sýnendum til að fá sem breiðasta sýn á verkefnið. Þessi vinnuhópur verði kallaður saman til samráðs yfir tímabilið en Þorvaldi var falið að vinna verkáætlun og leggja fyrir á næsta fundi fagráðs.

Vignir Siggeirsson er nú að hætta störfum í fagráði en hann hefur verið fulltrúi Félags hrossabænda frá 2012. Vigni var sérstaklega þökkun góð störf og gott samstarf á þessum tímamótum.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 15:00

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson